

54. Stjórnarfundur FV/VFS

Stjórn Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga

Dags	28.6.2023
Tími	12:00 - 14:00
Staðsetning	Teams og fundasalur Vestfjarðastofu
Mætt:	Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Elisabet Gunnarsdóttir, Lilja Magnúsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Halldór Halldórsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Gauti Geirsson, Jónas Heiðar Birgisson, Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri rituðu fundinn. Guðrún Anna Finnbogadóttir, Sólvi Guðmundsson, Sigurður Líndal Þórisson starfsmenn Vestfjarðastofu voru viðstödd fundinn.
Mætti ekki	Aðalsteinn Egill Traustason mætti ekki til fundar.

Formaður setti fundinn, bauð nýja stjórnarmenn velkomna til fundar og lagði til að fimmti stjórnarmaður Sóknarhóps fengi heimild stjórnar til að sitja fundi sem áheyrnarfulltrúi. Tillagan var samþykkt og gengið til dagskrár.

Dagskrá

1. Ný stjórn Vestfjarðastofu
2. Málefni Strandabyggðar
3. C-1 verkefni – Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum
4. Lagareldi
5. Samgönguáætlun
6. Kerfisáætlun Landsnets
7. Skipan í verkefnisstjórn Sterkra Stranda og Áfram Árneshrepps
8. Skýrsla framkvæmdastjóra
9. Miðstöð barnamennningar – fulltrúi landshlutasamtaka
10. Fundargerðir til kynningar
11. Umsagnir

1 - Ný stjórn Vestfjarðastofu

Nýir stjórnarmenn atvinnulífs og menningar boðin velkomin til starfa. Nú eru stjórnarmenn af vettvangi atvinnulífs- og menningar kjörin af Sóknarhópi og eru jafnframt stjórn Sóknarhóps.

Halldór Halldórsson leggur til að formaður Sóknarhóps, Gauti Geirsson sé jafnframt varaformaður Vestfjarðastofu, formaður tók undir tillögu. Tillagan samþykkt samhljóða. Starfsáætlun stjórnar Vestfjarðastofu lögð fram og samþykkt.

2 - Málefni Strandabyggðar

Sigurður Líndal verkefnastjóri Sterkra Stranda mætti til fundar undir þessum lið og fór yfir stöðu mála í Strandabyggð og verkefnum í kjölfar lokunar Hólmadrangs.

3 - C1 verkefni - verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum

Sigurður Líndal verkefnastjóri fór yfir stöðu og framvindu verkefnisins.

4 - Lagareldi

Sviðsstjóri byggðapróunar skýrði frá efni kynningarfundar Matvælaráðuneytis þann 19. júní s.l. um Stefnumótun lagareldis til ársins 2040, auk hans sat fundinn Guðrún Anna Finnbogadóttir, verkefnastjóri og fulltrúar sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á fundinum gafst færi á að bregðast við hugmyndum um áherslur og leiðir að markmiðum en eins er mögulegt að koma að sjónarmiðum með skriflegum hætti til 10. júlí n.k..

Við mörkun stefnunnar er lögð til grundvallar ný þingsályktun um matvælastefnu til ársins 2040 og ábendingum úr skýrslu Boston Consulting um lagareldi og skýrslu Ríkisendurskoðanda um stjórnsýslu fiskeldis sem lagðar voru fram í byrjun árs. Stefnumörkun verður sett í Samrásgátt snemma í haust og þingsályktun í kjölfar umfjöllunar, en frumvarp um breytingu á fiskeldislögum verði lagt fram á Alþingi í byrjun árs 2024. Til máls tóku Nanný, Lilja, Guðrún Anna, Gauti, Elisabet, Sigríður og Halldór.

Stjórn Vestfjarðastofu telur rétt að kalla saman nefnd um skiptingu tekna úr fiskeldissjóði sem settur var upp samkvæmt ályktun 67. Fjórðungspings að hausti í september 2022 til að fara yfir hugmyndir sem hafa komið fram varðandi stefnumótun lagareldis til ársins 2040 er varða skiptingu tekna úr fiskeldissjóði.

Fram kom ósk um að kallað verði eftir gögnum um fjölda starfa af fiskeldi á Vestfjörðum, sundurliðun á

fiskeldisstörfum og skiptingu starfa milli sveitarfélaga.

Stefnt verði að gerð sameiginlegrar umsagnar stjórnar Vestfjarðastofu þegar málið verður birt í Samráðsgátt í haust.

5 - Samgönguáætlun

Sviðsstjóri byggðapróunar lagði fram drög að umsögn um samgönguáætlun.

Til máls tóku Nanný, Halldór, Lilja, Gauti, Sigríður og Elísabet

Sviðsstjóra falið að ljúka gerð umsagnar í samræmi við umræðu á fundi og með samráði við innviðanefnd.

6 - Kerfisáætlun Landsnets

Landsnet lagði fram þann 15. maí s.l. tillögu að kerfisáætlun Landsnets 2023-2032 í opið umsagnarferli, auk þess verkefnaáætlun 2024-2026, umhverfismat áætlunar og drög að langtímaáætlun, umsagnarfrestur er til og með 30. júní n.k.. Sviðsstjóri byggðapróunar lagði fram tillögu að umsögn Vestfjarðastofu fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Til máls tók Jóhanna sem lagði til að sviðsstjóra væri falið að senda umsögn til stjórnar í tölvupósti í samræmi við kynningu Umhverfis, orku og auðlindaráðherra á morgun.

7 - Skipan í verkefnastjórn Sterkra Stranda og Áfram Árneshrepps

Samkvæmt samningum Vestfjarðastofu við Byggðastofnun um verkefni Brothættra byggða eru tveir fulltrúar Vestfjarðastofu í hverri verkefnastjórn.

Agnes Arnardóttir sem var fulltrúi Vestfjarðastofu í verkefnastjórnnum Sterkra Stranda og Áfram Árneshrepps hefur nú látið af störfum og þarf að tilnefna nýjan einstakling í hennar stað.

Lagt er til að Magnea Garðarsdóttir, verkefnastjóri hjá Vestfjarðastofu verði nýr fulltrúi Vestfjarðastofu í ofangreindum stjórnnum. Hinn fulltrúinn er Aðalsteinn Óskarsson.

Stjórn skipar Magneu Garðarsdóttur í verkefnastjórn Sterkra Stranda og Áfram Árneshrepps.

8 - Skýrsla framkvæmdastjóra

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir fer yfir helstu verkefni Vestfjarðastofu frá síðasta stjórnarfundi.

Formaður slítur fundi stjórnar Vestfjarðastofu.

Halldór, Gauti, Elísabet, Friðbjörg og Jónas fara af fundi.

Formaður setur fund stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

9 - FV / Miðstöð barnamenningar - fulltrúi landshlutasamtaka

Erindi frá starfsmönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga á sviði menningar var lagt fyrir fundinn þar sem fram kom að á fundi starfsmanna landshlutasamtaka sveitarfélaga á sviði menningarmála, á Húsavík dagana 8. til 9. júní sl., kom fram sú tillaga að landshlutasamtök sveitarfélaga sem heild gerðu tilkall til sætis í stjórn Miðstöðvar barnamenningar.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fagnar því að barnamenningu skuli gert hátt undir höfði með stofnun Miðstöðvar barnamenningar. Sú miðstöð getur orðið mikilvægur þáttur í samhæfingu og auknum stuðningi við menningarlíf barna um allt land. Sérstaklega er hvatt til þess að Miðstöð barnamenningar einbeiti sér að samstarfi við stoðstofnanir líkt og landshlutasamtök sveitarfélaga og að horft verði til markmiða Sóknaráætlana landshluta í því samhengi.

Jafnframt bendir stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga á að í byggðaáætlun er það markmið sett fram að dreifing starfa á vegum ríkisins verði jöfnuð og stuðlað að fjölbreyttu atvinnulífi sem víðast um landið og á aðgerð B.06 er gert ráð fyrir að þegar ný starfsemi hefst eða breytingar verða á starfsmannahaldi á vegum ríkisins verði metið hvort staðsetja megi starfsemina utan höfuðborgarsvæðisins. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vill því í ljósi stöðu atvinnulífs í Strandabyggð leggja til að Miðstöð barnamenningar verði staðsett á Hólmavík.

10 - Fundargerðir til kynningar

10.1 - Fundargerð funda sambands íslenskra sveitarfélaga

[Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga – 930 fundur](#)

[Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga – 931 fundur](#)

10.2 - Fundargerð 95. fundar stjórnar SSNV 6. júní 2023

<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-95-fundar-stjornar-ssnv-6-juni-2023>

10.3 - Fundargerð 53. fundar stjórnar SSNE 7. júní 2023

<https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/StjornSSNE23/fundargerð-53-fundar.pdf>

10.4 - Fundargerð 596. fundar stjórnar SASS

<https://www.sass.is/596-fundur-stjornar-sass/>

11 - Umsagnir

11.1 - Afgreiddar umsagnir til Alþingis

Engin mál hafa komið til umsagnar.

11.2 - Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt

Umsögn um áform um lagasetningu um sameiningu stofnana umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytis. Niðurstaða samráðs hefur ekki verið birt að hálfu ráðuneytis

11.3 - Afrakstur umsagna

Fundur með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, 26. maí s.l., varðandi þingsályktun um úttekt á tryggingarvernd í kjölfar náttúruhamfara, mál 231, 153. þing. Fundur með fjármála og efnahagsráðuneyti 15. júní s.l. um endurskoðun reglugerðar um Náttúruhamfaratryggingu Íslands

11.4 - Umsagnarbeiðnir

Beiðni um umsögn landshlutasamtaka sveitarfélaga um svæðisbundið samráð sveitarfélaga í þágu farsældar barna.

Stjórn FV fól framkvæmdastjóra og sviðsstjóra að skoða mögulega umsögn og innihald í tengslum við gerð Menntastefnu.

11.5 - Umsagnir til skoðunar

Umsögn í Samráðsgátt, tillaga að Samgönguáætlun 2024-2038

Umsögn til Landsnets, tillaga að Kerfisáætlun 2024-2032

